

# Heimilisvernd 2

Skilmáli nr. E-32

## Almennt:

- Þessi vátrygging er samansett af eftirfarandi vátryggingum:
1. **Innbústrygging:** vátryggir innbú heimilis fyrir meiriháttar tjónsáhættum, svo sem brunatjóni, vatnstjóni og innbroti.
  2. **Ábyrgðartrygging:** vátryggir heimilismenn fyrir þeirri skaðabótaskyldu sem þeir geta bakað sér samkvæmt íslenskum lögum sem einstaklingar.
  3. **Greiðslukortatrygging:** vátryggir óheimila notkun greiðslukorts.
  4. **Fritímaslysatrygging:** vátryggir heimilismenn fyrir slysum í frítíma sínum og innifelur dagpeninga, örorku- og dánarbætur.
  5. **Forfallatrygging:** valkvæð trygging sem greiðir fyrir fram greiddan ferðakostnað ef hinn vátryggði neyðist til að hætta við ferð.
  6. **Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging:** valkvæð trygging sem tekur til sjúkrakostnaðar á ferðalögum erlendis og endurgreiðslu ferðar ef hún er rofin vegna veikinda eða slysa.
  7. **Farangurstrygging erlendis:** valkvæð trygging sem tryggir farangur heimilismanna á ferðalögum erlendis.
  8. **Farangurstafatrygging:** valkvæð trygging sem greiðir bætur vegna tafar á afhendingu farangurs í áætlunar- eða leiguflugi.
  9. **Réttaraðstoðartrygging:** greiðir málskostnað í tengslum við reksturs einkamáls fyrir dómstólum.
  10. **Innbúskaskó:** valkvæð viðbót við innbústrygginguna sem vátryggir skyndileg og ófyrirséð óhöpp á vátryggðu innbúi sem ekki eru bótaskyld í innbústryggingarhlutanum.

Vátryggingin samanstendur af tveimur skjölum. Annars vegar vátryggingarskírteini sem er persónubundið við hvern vátryggingartaka fyrir sig og hins vegar þessi skilmáli.

Vátryggingin, bótaði hennar og almenn skilyrði eru afmörkuð í þessum skilmála. Það er því mikilvægt að kynna sér efni skilmálands og vátryggingarskírteinisins. Ef misräemi eða villa kemur fram í þessum skjölum er mjög mikilvægt að láta félagið vita sem fyrst.

## Skilgreiningar:

Til að auðvelda lestur skilmálans og koma í veg fyrir misskilning eða óvissu þá gilda eftirfarandi skilgreiningar á tilteknunum orðum í öllum skilmálanum og merkja alltaf það sama.

**Félagið:** Merkir Vörður tryggingar hf.

**Vátryggingartaki:** Sá einstaklingur sem tekur vátrygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

**Vátryggðir/ur:** Vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn þeirra, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.

**Heimili:** Sá staður sem gefinn er upp í vátryggingarskírteini sem vátryggingarstaður og sem er jafnframt lögheimili vátryggingartaka og heimilisfólks hans.

**Vátryggingarfjárhæð:** Sú fjárhæð sem tiltekin er á vátryggingarskírteini sem hámarksbætur fyrir hvern vátryggingarlið fyrir sig.

## Mikilvægt:

Það bótaði sem talið er upp í skilmálanum er tæmandi talið. Ef vátryggingartaki eða vátryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki telst bótaskyld í skilmálanum þá nær vátryggingin ekki yfir það.

Þegar iðgjald er greitt af þessari vátryggingu er jafnframt greitt náttúruhamfaratryggingariðgjald. Lausafjármunir þeir sem vátryggingin nær yfir verða þá sjálfkrafa vátryggðir fyrir náttúruhamförum, svo sem jarðskjálftum, snjóflóðum, eldgosum og öðrum sambærilegum atvikum, eins og nánar er kveðið á í lögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

Um vátrygginguna gilda vátryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framar ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## 1. kafli. Innbústrygging

### 1. gr. Vátryggðar eignir

Innbústryggingin tekur til innbús, almenns og sérgreinds, í eigu vátryggðra sem staðsett er á því heimili sem tiltekið er í vátryggingarskírteini. Innbústryggingin gildir aðeins á Íslandi.

### 2. gr. Nánari afmörkun vátryggðra eigna

2.1 Almennt innbú er lausafé og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og telst ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgjifé hennar og fellur ekki undir skilgreiningu á sérgreindu innbúi. Dýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, mótorknúin tómtundaáhöld, bílar og önnur vélknúin ökutæki og hlutir sem tengjast þeim teljast ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála, sbr. þó grein 2.3. Rafmagnshjól og létt bifhjól í flokki I, skv. skilgreiningu umferðarlaga, teljast þó vera almennt innbú.

2.2 Sérgreint innbú er:

2.2.1 Málverk, listaverk og myndavélar.

2.2.2 Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Hámarksbætur eru 1% af vátryggingarfjárhæð innbús. Forsenda bótaskyldu er að þessir munir séu staðsettir á því heimili sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

2.2.3 Skartgripir og úr. Hámarksbætur eru 5% af vátryggingarfjárhæð innbús. Forsenda bótaskyldu er að þessir munir séu staðsettir á því heimili sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

2.3 Til viðbótar við innbú, skv. gr. 2.1 og 2.2 falla eftirfarandi munir undir innbústrygginguna með þeim takmörkunum sem getið er í hverjum lið fyrir sig.

2.3.1 Verkfæri, varahlutir og áhöld sem vátryggður á og notar sem launþegi við atvinnu sína. Hámarksbætur eru 5% af vátryggingarfjárhæð innbús.

2.3.2 Til innbús skal telja 1 gang af sumar- eða vetrarhjólbörðum undir hvern einkabíl sem skráður er á vátryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu.

2.3.3 Vátryggingin tekur til auka- og varahluta sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu vátryggðu og eru til einkanota, sem geymt er í bílskúr eða annarri geymslu á heimili vátryggingartaka sem tilgreint er í vátryggingarskírteini. Hámarksbætur eru 2% af vátryggingarfjárhæð innbús.

2.4 Í hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 3. gr. Munir staðsettir utan heimilis.

3.1 Vátryggingin tekur til almenns innbús sem staðsett er hérlandis utan heimilis um stundarsakir samkvæmt bótaðsviði 4. gr. þessa kafla. Almennt innbú í sumarbústöðum, lausafé í hesthúsum eða önnur sambærileg verðmæti, sem varanlega eru staðsett annars staðar en á heimilinu, fellur ekki undir þessa vátryggingu. Bætur samkvæmt þessari grein takmarkast við 15% af vátryggingarfjárhæðinni. Hægt er að kaupa sérstakar vátryggingar á þær áhættur sem þessi grein undanskilur.

### 4. gr. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum:

4.1 Eldvoða, eldingar og sprengingar.

4.2 Sótfalls, sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði. Ekki er bætt tjón af sóti eða reyk sem orðið hefur smá saman við notkun.

4.3 Slökkvi- og björgunaraðgerða og nauðsynlegs flutnings í sambandi við bótaskylt tjón, svo og ef munir glatast við þá atburði.

4.4 Skemmda af völdum vatns, olíu og gufu, sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins og eiga upptök sín innan veggja hússins. Einnig eru bætt tjón sem verða ef vatn streymir óvænt og skyndilega frá vatnaránum eða fiskabúrum vegna bilana. Tryggingin bætir þó ekki tjón sem verða ef vatn streymir óvænt eða skyndilega frá niðurföllum eða þakrennum. Einnig bætast vatnstjón, sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum, svo og tjón vegna leka frá frystikistum og kæliskápum. **Varúðarregla: Í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.**

4.5 Yfirborðsvatns, sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikil að frárennslisleiðslur nái ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað. Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá þökum, þakrennum, svöllum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns bætast ekki. **Varúðarregla: Vátryggðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka;**

4.6 Innbrota í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar. Vátryggingin bætir jafnframt innbrotsþjófnað í sumarhús, hjólhýsi og veiðihús þegar búið er í þeim. Hámarksbætur í hverju innbroststjóni í bifreið, einkabát og einkaloftfar, bílskúr og geymslu utan íbúðarhúsnæðis eru 5% af vátryggingarfjárhæð innbúsins, þó eru hámarksbætur vegna þjófnaðar á geisladiskum 1% af vátryggingarfjárhæðinni. Auk tjóns á vátryggðu innbúi bætir félagið skemmdir á íbúðinni sökum innbrotsins, að undanskildum brotnum rúðum, með allt að 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að löggregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíráð merki þess að brotist hafi verið inn. **Varúðarregla: Læsa ber tryggilega íbúðarhúsinu, bílum og öðrum þeim stöðum sem vátrygging þessi tekur fyrir þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að**

**loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.**

- 4.7 Þjófnaðar úr ólæstri íbúð, þó ekki peninga, verðbréf, skartgripi, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Bætur takmarkast við 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni;
- Varúðarregla: Viðhafa ber eðlilega aðgát við frágang á íbúð. Það telst til dæmis ekki eðlileg aðgát, ef skilið er við ólæsta íbúð mannlausa;**
- 4.8 Þjófnaðar úr grunnskóla, þó ekki peninga, verðbréf, skartgripi, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Bætur takmarkast við 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Ákvæðið á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildir einnig í íþróttahúsum og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara.
- 4.9 Þjófnaðar á reiðhjóli, rafmagnshjóli, léttu bifhjóli í flokki I, skv. skilgreiningu umferðarlaga, barnavagni og barnakerru. Hámarksbætur eru 1,5% af vátryggingarfjárhæð. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni; **Varúðarregla: Reiðhjóli, rafmagnshjóli og léttu bifhjóli ber að læsa þegar munirnir eru ekki inni í læstu húsnaði og eðlilega aðgát ber að sýna við frágang barnavagns og barnakerru;**
- 4.10 Ráns, þ.e. töku vátryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni;
- 4.11 Skemmdarverka þ.e. skemmda á vátryggðum munum sem valdið er af ásetningi, þó ekki ef því er valdið af vátryggðum sjálum eða einhverjum einstaklingi, sem heimild hefur haft til veru á heimili vátryggðs. Tjón vegna skemmdarverka á munum sem voru utan dyra annars staðar en við heimili vátryggðs bætast ekki. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni;
- 4.12 Brots eða hruns á innbúi á heimili vátryggðu vegna tilfallandi bilana. Tjón á verkfærum, gleraugum og úrum bætast ekki vegna brots eða hruns. Tjón af völdum vökva, sem hellist niður við brot eða hrun bætist ekki. Tjón vegna brots eða hruns af manna völdum bætist ekki.
- 4.13 Umferðaráhappa, þ.e. skemmda á innbúi, sem er í ökutæki er lendir í umferðaráhappi og ekki er bótaskylt úr öðrum vátryggingum. Tjón er verða við búferlaflutninga eða við flutning gegn gjaldi bætist þó ekki.
- 4.14 Suðu (ofhitunar) á þvottí i þvottavélum eða burrkara ef tjónið stafar af bilun í þvottavélinni eða burrkaranum. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að vátryggður leggi fram reikning fyrir viðgerð með bilunarlýsingu viðgerðarmanns. Tjón á þvottavélinni sjálfri bætist ekki. **Varúðarregla: Vátryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél eða burrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.**
- 4.15 Ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi ísskáps eða frystikistu, enda leiði það til eyðileggingsar á matvælum sem í þeim eru. Hámarksbætur eru 2% af vátryggingarfjárhæð. Tjón sem verður á ísskápnum eða frystikistunni sjálfri vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins er bætt ef tækið er yngra en 5 ára og ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins. **Varúðarregla: Vátryggður skal sjá til þess að notkun tækisins sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.**
- 4.16 Skammhlaups í rafmagnstækjum. Vátryggingin bætir þó ekki tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára, sem ábyrgð seljanda nær yfir eða sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu. **Varúðarregla: Vátryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.**
- 4.17 Skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða veggi fasteignarinnar, þannig að tjón verði á innbúinu. Tjón af völdum snjóflóða eða tjón, sem er afleiðing byggingargalla bætist ekki.
- 4.18 Óveðurs, þ.e. skemmda á hinu vátryggða af völdum óveðurs (28,5 m/s eða meira) og tjónið er afleiðing þess að vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánalegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, er tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyltu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn varð.
- 4.19 Loftfara og hluta, sem frá þeim falla, enda fáist tjónið ekki bætt af tjónvaldi eða vátryggingum hans sbr. 128. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir.

**5. gr. Vátryggingin bætir ekki:**

- 5.1 Tjón á dýrum.
- 5.2 Tjón á vélknúnum ökutækjum, hjólhýsum, tjaldvögnum, bátum, atvinnutækjum né heldur hluti, sem tilheyra nefndum tækjum sbr. þó gr. 2.3.2 og 2.3.3.
- 5.3 Tjón á vörum sem ætlaðar eru til sölu og/eða vinnslu.
- 5.4 Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- 5.5 Tjón vegna svíðnunar eða bráðnunar, sem ekki verður talið eldsvoði, svo sem þegar hlutur svíðnar frá straujárn, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar né tjón á munum, sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.
- 5.6 Tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- 5.7 Tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr sklop- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn, er að berst, þó með þeirri undantekningu, ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- 5.8 Tjón vegna þjófnaðar úr tjöldum eða tjaldvögnum.
- 5.9 Tjón á innbúi vegna búferlaflutninga eða þegar það er flutt gegn gjaldi, né tjón sem er bótaskylt úr öðrum vátryggingum við flutninga.

**6. gr. Vátryggingarfjárhæð**

Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri sem kemur fram á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

**7. gr. Eigin áhætta vátryggðs**

Í hverju tjóni ber vátryggður í eigin áhættu, þá fjárhæð sem kemur fram á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tilgreindar eru í % hámarksbætur af vátryggingarfjárhæð innbús er átt við bætur, þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

**8. gr. Ákvörðun bóta**

8.1 Bætur miðast við það að fjárhagsstaða vátryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið, að svo miklu leyti sem unnt er. Félagini er heimilt að bæta tjón með peningagreiðslu, greiða kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda hlut eða afhenda vátryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins vátryggða. Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir vátryggðan.

8.2 Minjagildi bætist ekki.

8.3 Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið heimild til þess að styðjast við eftifarandi töflu. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70%, sjá þó afskriftir vegna tölvu og síma og fylgihluta þeirra í grein 8.5.

Afskriftarreglur:	Ár án afskrifta	Afskr. á ári eftir það
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Önnur rafmagnstæki	1 ár	10%
Reiðhjól, rafmagnshjól og létt bifhjól	1 ár	20%
Gólfteppi og önnur laus gólfefnir	1 ár	20%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	20%
Myndavélar og fylgihlutir	1 ár	20%
Hljómfloftuningstæki, sjónvörp og útvörp	2 ár	10%
Gleraugu	1 ár	10%
Heyrnartæki	1 ár	20%

8.4 Borðtolvur, fartölver, spjaldtölver, snjallúr og önnur snjalltæki, sbr. þó gr. 8.5, og fylgihlutir þeirra, afskrifast um 10% á sex mánaða fresti, fyrst þegar tækin eru 6 mánaða gömul. Tæki eldri en fimm ára bætast því ekki.

8.5 Snjallsímar og fylgihlutir þeirra afskrifast um 10% eftir sex mánuði og 5% á hverjum mánuði eftir það. Tæki eldri en 18 mánaða bætast þó ekki.

8.6 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.

8.7 Glataðir eða stolnir munir sem koma fram eftir að bótareiðsla hefur verið innt af hendi eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Vátryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess, með því að endurgreiða bæturnar. Félagið getur krafist framvísunar á skemmdum munum sem það hefur bætt að fullu.

**9. gr. Aukakostnaður vegna brottflutnings.**

Vátryggingin bætir tjón á vátryggðum munum sem verða kann vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða þeim frá yfirvofandi bótaskyldu tjóni. Verði nauðsynlegt fyrir vátryggðan að flytja af heimili sínu vegna bótaskylds tjóns þar, greiðist óhjákvæmilegur aukakostnaður vegna bess, þ.m.t. húsaleiga í sambærilegu húsnæði, þó aldrei hærri en sem nemur 1% vátryggingarfjárhæðar á mánuði. Bætur greiðast þó ekki í lengri tíma en 6 mánuði.

**10.gr. Gildissvið tryggingar þegar vátryggður flyst búferlum**

Þegar vátryggingartaki stendur í flutningum gildir tryggingin í 30 daga á bæði fyrra og seinna heimili vátryggingartaka.

**2. kafli Ábyrgðartrygging einstaklings**

**1. gr. Inngangur**

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla, og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi vátryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir, ef skaðabótkrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni, ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálan með þetta í huga. Viðurkenning vátryggðs á skaðabótskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

**2. gr. Landfræðilegt gildissvið ábyrgðartryggingarinnar**

Vátryggingin gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis, í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

### **3. gr. Bótasvið ábyrgðartryggingarinnar**

- 3.1 Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á einhvern hinna vátryggðu samkvæmt íslenskum lögum sem einstakling, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
- 3.2 Ábyrgðartryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
- 3.3 Valdi barn, yngra en 10 ára tjóni, bætir félagið það tjón án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar. Slík viðtæk skaðabótaábyrgð á ekki við þegar barn, yngra en 10 ára, er aðili að umferðarárhappi og tjón verður á skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun.
- 3.4 Vátryggður er kostnaður við málsvörn sem félagið hefur samþykkt að fara skuli fram.
- 3.5 Ef önnur vátrygging tekur til tjóns skv. lið 3.3 stofnast ekki bótaréttur sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

### **4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu félagsins**

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.1 tjón sem hinir vátryggðu valda hverjir öðrum;
- 4.2 tjón sem verður vegna atvinnu hinna vátryggðu, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða atvinnu í þjónustu annarra;
- 4.3 tjón á munum sem hinir vátryggðu hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörsu. Vátryggingin bætir heldur ekki tjón á munum, sem hinir vátryggðu hafa tekið ófrjálsri hendi;
- 4.4 tjón vegna skaðabótakröfu sem fellur á vátryggðu sem eigendur eða notendur:
- 4.4.1 húseigna, loftfara, þ.m.t. flygilda (dróna) hvers konar, skemmtibáta eða hvers kyns skráningarskyldra vélknúinna farartækja að frátöldum léttum bifhjólum í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga;
- 4.4.2 hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæludýra;
- 4.5 skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum, stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu;
- 4.6 sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsimál;
- 4.7 endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum sambærilegum stofnunum;
- 4.8 tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón, ef það verður rakið til eins, ákveðins, óvænts atburðar. Félagið bætir ekki tjón sem orsakast af langvarandi raka eða vatnsleka.
- 4.9 tjón vegna skotvopna.
- 4.10 tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.

### **5. gr. Vátryggingarfjárhæð - vátryggingartímabil - eigin áhætta**

- 5.1 Hámarks vátryggingarfjárhæð í hverjum vátryggingaratburði er hámark þess höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.
- 5.2 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu vátryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.
- 5.3 Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á vátryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrr en síðar. Vátryggingin tekur á hinn bóginn ekki til atvika sem eiga sér stað áður en vátryggingin er tekin.

5.4 Í hverju tjóni ber vátryggður eigin áhætta sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun.

### **6. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu**

- 6.1 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum vátryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.
- 6.2 Félagið er ekki bundið af því ef vátryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að vátryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

### **3. kafli Greiðslukortatrygging**

Vátryggingin gildir á Íslandi svo og á ferðalögum erlendis. Úr vátryggingunni fást greiddar bætur vegna tjóns sem hlýst af því að greiðslukort hins vátryggða tapast og óviðkomandi aðili notar það með sviksamlegum hætti. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að vátryggður hafi farið í einu og öllu eftir reglum útgefanda greiðslukortsins og hafi tilkynnt honum hvarfið tafarlaust. Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri sem kemur fram á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

## 4. kafli Slysatrygging í frítíma

Félagið greiðir bætur vegna slyss er sa sem vátryggður er, verður fyrir eins og segir í skilmálum þessum. Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlínum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

### 1. gr. Vátryggingarsvið

- 1.1 Vátryggingin gildir aðeins í frístundum vátryggðs, við heimilisstörf og við skólanám og greiðir félagið bætur vegna:  
 Innlends sjúkrakostnaðar  
 Tímabundins missis starfsorku  
 Varanlegrar læknisfræðilegar örorku  
 Dauða  
 Tannbrots
- 1.2 Vátryggingin nær ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysahætta fylgir. Slys sem verða á beinni leið til og frá vinnu teljast slys í starfi og falla því ekki undir vátryggingasvið þessa kafla.

### 2. gr. Landfræðilegt gildissvið vátryggingar

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Vátryggingin gildir einnig fyrir námsmenn erlendis í allt að 9 mánuði frá brottfaradegi frá Íslandi.

### 3. gr. Innlendir sjúkrakostnaður

- 3.1 Félagið greiðir innlendar sjúkrakostnað sem hlotist hefur af bótaskyldu slysi gegn framlagningu frumrita reikninga og greiðslukvittana. Hámarksbætur í hverju einstöku tjóni er tiltekin á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Félagið bætir þó ekki sjúkrakostnað, sem vátryggðum er unnt að fá endurgreiddan frá Sjúkratryggingum Íslands.

### 4. gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku.

- 4.1 Valdi slys tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem vátryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í 44 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 4.2 Félagið bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku. Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 4.3 Félagið greiðir ekki bætur vegna tímabundins missis starfsorku ef hann er af völdum skráningarskylds velknúins ökutækis.
- 4.4 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku eftir að hann er orðinn varanlegur samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati.

### 5. gr. Bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku

- 5.1 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og vátryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 5.2 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Metin er skerðing á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- 5.3 Valdi slys vátryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysíð varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar grunnvátryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.
- 5.4 Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.
- 5.5 Missir eða bæklun á útlum eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysíð gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlum eða líffæri sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysíð. Ef missir útlima eða líffæra er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega.
- 5.6 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysíð með hliðsjón af ástandi slasaða þá, annars síðar, þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, þó ekki síðar en þremur árum eftir slysíð. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Hvor aðili um sig getur krafist nýs örorkumats að liðnu einu ári frá því að hið fyrra fór fram. Hinum slasaða er þá skylt að láta læknitilnefndan af félagini skoða sig. Ef hinn slasaði færist undan þessari skyldu, getur félagið tekið fyrir greiðslur til hans, þar til skoðun hefur farið fram.
- 5.7 Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysíð. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorkustigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í fór með sér.
- 5.8 Engar örorkubætur greiðast sé örorka undir 15%. Bætur greiðast í hlutfalli við grunnupphæð örorkubóta sem í gildi var á slysdegi og kemur fram á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, þó þannig að hvert

örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar þrefalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar fjórfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 250% af grunnupphæð vegna örorkubóta sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

#### **6. gr. Dánarbætur**

- 6.1 Valdi slys dauða þess sem vátryggður er, innan eins árs frá slysdegi, greiðist vátryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi að frádegnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að vátryggður deyr. Réttthafi dánarbóta er maki, hvort sem er í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð. Sé vátryggður barn greiðast dánarbætur til foreldra þess eða þess foreldris sem telst til vátryggðs í þessari vátryggingu, ef þau bæði teljast ekki til vátryggðra. Eigi ekkert af þessu við greiðir félagið dánarbætur til réttthafa samkvæmt lögum eða erfðaskrár.
- 6.2 Með hugtakinu óvígð sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru í samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð, eða þá að sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.
- 6.3 Hafi vátryggður engan á framfæri sínu greiðast 25% af vátryggingarfjárhæðinni. Með framfæranda er átt við þann, sem sannanlega hefur barn eða fullorðin einstakling á framfæri sínu.
- 6.4 Deyi vátryggður af slysförum, á félagið rétt á að líkið verði krufið til að leidd verði í ljós dánarorsök og annað, sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

#### **7. gr. Bætur vegna tannbrots**

- 7.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem laskast eða brotna við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 6,3% af grunnupphæð örorkubóta vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu vátryggingarári við 10% af sömu fjárhæð.
- 7.2 Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar eða brot, sem ber að höndum þegar vátryggður matast.
- 7.3 Vátryggingin greiðir aðeins þau tanntjón sem ekki fást greidd af öðrum aðila, t.d. Sjúkratryggingum Íslands eða vátryggjanda bifreiðar.

#### **8. gr. Aldursmörk**

- 8.1 Sé vátryggður 70 ára eða eldri er hann slasast, verða dánarbætur eftirtaldir hundraðshlutar af vátryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind á skírteini eða iðgjaldskvittun:
- | Aldur           | Hlutfall bóta |
|-----------------|---------------|
| 70 ára          | 80%           |
| 71 árs          | 60%           |
| 72 ára          | 50%           |
| 73 ára          | 40%           |
| 74 ára          | 35%           |
| 75 ára          | 30%           |
| 76 ára          | 25%           |
| 77 ára og eldri | 20%           |
- 8.2 Sé vátryggður 60 ára eða eldri er hann slasast, verða örorkubætur eftirtaldir hundraðshlutar af vátryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind á skírteini eða iðgjaldskvittun:
- | Aldur           | Hlutfall bóta |
|-----------------|---------------|
| 60 til 62 ára   | 95%           |
| 63 til 64 ára   | 90%           |
| 65 til 66 ára   | 85%           |
| 67 til 68 ára   | 70%           |
| 69 til 70 ára   | 60%           |
| 71 til 72 ára   | 50%           |
| 73 til 74 ára   | 40%           |
| 75 til 76 ára   | 30%           |
| 77 ára og eldri | 20%           |
- 8.3 Börn yngri en 16 ára eru ekki vátryggð gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur 25% af dánarbótum slysatryggingar.
- 8.4 Sé vátryggður á aldrinum frá 67 til 70 ára er hann slasast miðast hámarksbætur vegna tímabundins missis starfsorku við 50% af grunnfjárhæð vikulegra bóta. Sé vátryggður 71 árs eða eldri er hann slasast er hann ekki vátryggður gegn tímabundnum missi starfsorku.

#### **9. gr. Takmarkanir á greiðsluskyldu**

- 9.1 Vátryggingin tekur til slys sem verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum:
- 9.1.1 Á vegum héraðs-, lands-, og sérsambanda.
- 9.1.2 Hjá félögum innan sérsambanda ÍSÍ.
- 9.1.3 Hjá skráðum félögum með kennitölu, þar sem megintilgangur félagsins er íþróttaiðkun.
- 9.1.4 Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára. Ennfremur á undanþága þessi ekki við um æfingar eða keppni í golfi, götuuhjólreiðum og utanvega-, víðavangs- eða götuuhlaupi þar sem almenningi gefst kostur á þátttöku án skilyrða um lágmarksfærni eða -getu, enda sé um áhugamennsku að ræða.

- 9.2 Ekki eru bætt slys sem verða í hnefaleikum, bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára.
- 9.3 Ekki eru bætt slys sem verða í akstursíþróttum.
- 9.4 Ekki eru bætt slys sem verða í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
- 9.5 Ekki eru bætt slys sem verða í fjallgöngu af hvaða tegund sem er ef hæð fjalls er meiri en 4.000 metrar frá sjávarmáli
- 9.6 Ekki eru bætt slys sem verða í köfun með súrefniskút.
- 9.7 Ekki eru bætt slys sem verða í loftbelgs-, svifvængja-, dreka-, svif-, fislvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
- 9.8 Ekki eru bætt slys sem verða í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
- 9.9 Ekki eru bætt slys sem verða beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 9.10 Ekki eru bætt slys sem verða í flugi, nema að sá sem tryggður er sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- 9.11 Ekki eru bætt slys sem verða vegna ljósabaða, lækningsameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskyls slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun. Slys vegna kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja eru alltaf undanskilin bótaábyrgð félagsins.
- 9.12 Ekki eru bætt slys sem verða vegna matar- og/eða drykkjareitrunar.
- 9.13 Ekki eru bætt slys sem verða vegna neyslu áfengis, fíkniefna- eða annarra nautnalyfja.
- 9.14 Ekki eru bætt slys sem vátryggður verður fyrir í handalögðáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 9.15 Ekki eru bætt slys af völdum sýkingar af skordýrabiti eða -stungu.
- 9.16 Ekki eru bætt slys vegna eitraðra lofttegunda nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.
- 9.17 Ekki eru bætt slys af völdum vélknúins, skráningarskylds ökutækis. Slys af völdum notkunar léttis bifhjóls í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga eru þó bótaskyl.

#### **10. gr. Aðrar takmarkanir á greiðsluskyldu**

- 10.1 Ef sjúkdómar, veiklin eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð, eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi, sem vátryggingin nær til.
- 10.2 Vátryggingin nær ekki til slyss, sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lómun, bæklun, flogaveiki, krampa, slag, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum og/eða sjúkdómseinkennum. Hafi síkar ástaður verið þess meðvaldandi, að vátryggður missir starfsorku varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi, sem ætla má, að hann hefði orðið fyrir, ef þessar ástaður hefðu ekki komið til.
- 10.3 Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjósklos, þursabit (lumbago ischias), liðagigt, slitgigt eða hvers konar aðrir gitgarsjúkdómar.

#### **11. gr. Biðtími**

Með biðtíma er átt við það tímabil, sem samkvæmt vátryggingarskíteini eða iðgjaldskvittun á að líða frá tjónsdegi, áður en dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

#### **12. gr. Ráðstafanir vegna slyss**

- 12.1 Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur boríð að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 12.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 12.3 Þegar slys ber að höndum, er féluginu heimilt að láta trúnaðarlækní sinn skoða vátryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar vátryggðs. Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins. Nauðsynleg vottorð teljast vera áverkavottorð, vottorð um óvinnufærni og lokavottorð meðferðarlæknis. Samþykki félagsins þarf fyrir öflun annarra vottorða.

#### **13. gr. Vísítolubinding bótafjárhæða**

- 13.1 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísítolu neysluverðs á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á eftir eins og hér segir:
- 13.2 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísítolunnar frá slysdegi til dánardags.
- 13.3 Örorkubæturnar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísítolunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísítolubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 13.4 Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísítolunnar frá slysdegi.

## **5. kafli Forfallatrygging (Valkvæð)**

#### **1. gr. Vátryggðir**

- 1.1 Vátryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í upphafi skilmálans.

1.2 Einnig eru börn vátryggingartaka og/eða maka hans sem eru yngri en 16 ára vátryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en vátryggingartaki, þegar þau hyggjast fara í ferðalag til útlanda í umsjá vátryggingartaka og/eða maka hans.

## **2. gr. Vátryggingin bætir**

2.1 Vátryggingin bætir ferðakostnað allt að vátryggingarfjárhæð, sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

2.1.1 Alvarlegt slys, skyndileg veikindi, líkamsmeiðsl, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða sem staðfest er með vottorði læknis um að vátryggður sé ekki ferðafær.

2.1.2 Alvarlegt slys eða skyndileg alvarleg veikindi maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdaforeldra, tengdabarna eða systkina vátryggðs sem staðfest er með vottorði læknis.

2.1.3 Andlát hins vátryggða.

2.1.4 Andlát maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdaforeldra, tengdabarna eða systkina vátryggðs.

2.1.5 Verulegt eignatjón á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru vátryggðs nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um hvort nauðsynlegt sé að hætta við ferð.

2.1.6 Kvaðning vátryggð til að vitna fyrir dómi.

2.1.7 Forfoll vegna starfa sem vátryggður getur ekki vikið sér undan að vinna samkvæmt lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.

2.1.8 Röskun er leiðir til a.m.k. 12 klukkustunda tafar á brottför almenningsfarartækis hins vátryggða á útleið samkvæmt ferðaáætlun er honum hefur verið látin í té.

2.1.9 Rán flutningsfars.

## **3. gr. Vátryggingin bætir ekki**

3.1 Vátryggingin bætir ekki tjón:

3.1.1 Vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en vátryggingin var tekin eða þegar staðfestingargjald var greitt.

3.1.2 Vegna sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma.

3.1.3 Vegna alvarlegs slyss sem átti sér stað áður en vátrygging var tekin eða var þegar orðið þegar ferðakostnaður var greiddur.

3.1.4 vegna kynsjúkdóma

3.1.5 Vegna meiðsla sem menn valda sjálfum sér eða tjón sem verða er vátryggður hefur stofnað sér í hættu að nauðsynjalausu.

3.1.6 Sem stafar beint eða óbeint af eftirfarandi:

- a. Tilskipun stjórnavalda (nema þeim er varða skyldusóttkví)
- b. Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist skipulagningu ferðar.
- c. Tregðu vátryggð til að ferðast eða af bágum fjárhag hans.
- d. Útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
- e. Breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.

f. Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár hennar.

3.1.7 Sem stafar af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að hætta við ferð.

3.1.8 Sem hlýst af því að vátryggður hefur ekki skráð sig til brottferðar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.

3.1.9 Sem hlýst af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.

3.1.10 Vegna verkfallsaðgerða sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.

3.1.11 Vegna fjárhagserfiðleikar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

3.2 Vátryggingin bætir ekki flugvallaskatta og önnur gjöld sem sækja má til flutningsaðila.

3.3 Takmarkanir bótaskyldu skv. 9. gr., 4. kafla um frítímaslysatryggingu gilda að undanskildum greinum 9.12, 9.15 og 9.17.

## **4. gr. Ákvörðun bóta**

4.1 Vátryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu sinnar um bætur, t.d. læknisvottorð, ferðareikning og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.

4.2 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

4.3 Ef vátryggður greiðir sérstakt forfallagjald eða annað sambærilegt gjald hjá ferðasala eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar í því skyni að endurgreiða ferðakostnað vegna forfalla, greiðast engar bætur úr þessari vátryggingu.

4.4 Bætur úr vátryggingu þessari eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili vátryggðs.

## **5. gr. Vátryggingarfjárhæð – Eigin áhætta**

Eigin áhætta og hámarksbætur hámarksbætur fyrir hvern hinna vátryggðu í hverjum vátryggingaratburði koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 6. kafli Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis (Valkvæð)

### 1. gr. Vátryggingsvið

- 1.1 Ef vátryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis greiðir ferðasjúkratryggingin óhjákvæmilegan og eðlilegan kostnað, sem af hlýst. Félagið greiðir þó aðeins þennan kostnað að því marki, sem hann fæst ekki greiddur af Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum sambærilegum aðila.
- 1.2 Einnig bætir ferðasjúkratryggingin nauðsynlegan og eðlilegan kostnað vegna rofs ferðalagsins, sbr. gr. 3.5 í þessum kafla.
- 1.3 Auk þeirra sem taldir eru upp sem vátryggðir skv. skilgreiningu fremsí í þessum skilmála, gildir tryggingin einnig fyrir börn vátryggingsartaka og/eða börn maka hans, yngri en 16 ára, sem eiga lögheimili á öðrum stað en vátryggingsartaki, þegar þau eru á ferðalögum erlendis í umsjá vátryggingsartaka og/eða maka hans.

### 2. gr. Vátryggingsin gildir

- 2.1 Vátryggingsin gildir á ferðalagi erlendis, í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.
- 2.2 Vátryggingsin gildir ekki fyrir einstaklinga sem stunda nám eða vinnu erlendis, ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Gildir tryggingin þá aðeins á ferðalagi til og frá Íslandi.

### 3. gr. Vátryggingsin bætir:

- 3.1 **Sjúkrakostnað:** Sjúkrahúsvisst erlendis ásamt læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsíð veitir. Vistin og meðferðin skulu vera fyrirsíkuð af læknin og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi. Læknishjálp og lyf að læknisráði. Vátryggingsin greiðir kvalastillandi tannviðgerðir aðeins í neyðartilvikum; hámark bóta vegna tannviðgerða er 1% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingsarinnar.
- 3.2 **Aukinn kostnað:** Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar, þegar læknir álítur, að meðferð geti farið fram á hótel. Til þessara útgjalda telst kostnaður vegna hjúkrunar, sjúkrafæðis o.s.frv. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar er 1% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingsarinnar á sólarhring. Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkrahúsistar vátryggðs að læknisráði og í samráði við neyðarþjónustu félagsins, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns, telji læknirinn sílks þörf. Slasist vátryggður, veikist alvarlega, eða deyi á ferð sinni, greiðir félagið aukakostnað náins ættingja, sé hann með í för eða ef hann er kvaddur til dvalarstaðar vátryggðs með samþykki trúnaðarlæknis félagsins. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 6% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingsarinnar sem gildir í Evrópu utan Sviss.
- 3.3 **Sjúkraflutning:** Telji læknir sá sem annast hefur vátryggða vegna veikinda eða slyss á ferðalagi, að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg, og geti hún orðið með venjulegum hætti, nægir félagini skrifleg staðfesting læknisins. Í sílikum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti, dýrari farrými o.s.frv. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða, að læknirinn telur að flytja verði vátryggða heim með öðrum hætti, skal neyðarþjónusta félagsins annast flutninginn.
- 3.4 **Flutning á látnum:** Deyi vátryggður á ferð skal neyðarþjónustu félagsins falið að annast flutning hins látna til Íslands svo og samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- 3.5 **Ferðarofsútgjöld:** Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands, ef vátryggður neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl sína vegna: Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra og alvarlegra veikinda maka, barna, foreldra, barnabarna, afa, ömmu, tengdabarna, tengdaforeldra eða systkina vátryggðs. Verulegs eignatjóns á heimili vátryggða, eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um það hvort heimferðar er þörf. Hámark bóta vegna ferðarofs er 6% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingsarinnar sem gildir í Evrópu utan Sviss.
- 3.6 **Endurgreiðsla orlofsferðar:** Verði orlofsferð rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi vátryggður legið á sjúkrahúsí a.m.k. hálfan ferðatímann, þá greiðir félagið andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt, greiðir félagið hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var. Hámark bóta vegna ferðarofs er 6% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingsarinnar sem gildir í Evrópu utan Sviss. Bætur greiðast einungis vegna ferðar sem varir sex daga eða lengur.

### 4. gr. Vátryggingsin bætir ekki

- 4.1 Sjúkrakostnað vegna; sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma, fæðingar og fóstureyðingar.
- 4.2 Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- 4.3 Sjúkrakostnað vegna áframhaldandi læknismeðferðar, ef vátryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir ráð læknis, sem hefur stundað hann og trúnaðarlækní félagsins.
- 4.4 Sjúkrakostnað lengur en í þrjá mánuði vegna læknismeðferðar erlendis.
- 4.5 Kostnað vegna lyfja án læknisráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, snertisjónghlerja, heyrnartækja o.s.frv.
- 4.6 Lyfjakostnað vegna lyfja sem vátryggður hefur notað reglulega áður en ferð hófst.
- 4.7 Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- 4.8 Sjúkrakostnað vegna kynsíjkóðoma

- 4.9 Sjúkrakostnað vegna meiðsla sem menn valda sjálfum sér eða vegna meiðsla er vátryggður stofnar sér í hættu að nauðsynjalaus.
- 4.10 Takmarkanir bótaskyldu skv. 8. og 9. gr., 4. kafla um frítímaslysatryggingu gilda eftir því sem við á. Þó greiðir vátryggingin kostnað vegna sjúkdóms, slyss eða fráfalls hins vátryggða af völdum matar- eða drykkjareitrunar, sýkingar vegna skordýrabits eða stungu, svo og af völdum vélknúins skráningarskylds ökutækis.
- 4.11 Kostnað við leit og björgun
- 5. gr. Ákvörðun bóta**
- 5.1 Félagið greiðir bætur samkvæmt frumriti reiknings.
- 5.2 Vátryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð, farseðil og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.
- 6. gr. Eigin áhætta og vátryggingarfjárhæð**
- 6.1 Í hverju tjóni ber vátryggður í eigin áhætta, þá fjárhæð er fram kemur á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.2 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7. gr. Varúðarregla**
- Vátryggður skal fylgja fyrirmælum lækna og/eða trúnaðarlæknis félagsins í hvívetna.**

## 7. kafli Farangurstrygging erlendis (Valkvæð)

- 1. gr. Vátryggðir munir:**  
Til farangurs teljast aðeins persónulegir lausafjármunir sem hinir vátryggðu hafa með sér á ferðalagi.
- 2. gr. Vátryggðir:**  
2.1 Vátryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í upphafi skilmálans.  
2.2 Einnig eru börn vátryggingartaka og/eða börn maka hans sem eru yngri en 16 ára vátryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en vátryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá vátryggingartaka og/eða maka hans.
- 3. gr. Vátryggingin gildir**  
3.1 Vátryggingin gildir á ferðalagi erlendis í 92 daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.  
3.2 Vátryggingin gildir ekki fyrir einstaklinga sem stunda nám eða vinnu erlendis, ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Gildir tryggingin þá aðeins á ferðalagi til og frá Íslandi.
- 4. gr. Vátryggingin bætir**  
4.1 Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum bruna, ráns, flutningsslyss, svo og ef hið vátryggða týnist alveg í flutningi, þó með þeim takmörkunum sem getur í skilmálum þessum. Vátryggingin bætir einnig þjófnað úr hibýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum.  
4.2 Hámarksbætur fyrir hvern einstakan hlut, par eða samstæðu í farangri eru skráðar á vátryggingarskírteini og takmarkast bótaskylda félagsins við þá fjárhæð, að frádreginni eigin áhætta, nema um sé að ræða hlut sem verðlagður hefur verið sérstaklega, tilgreindur og skráður á skírteinið og sérstakt iðgjald greitt fyrir hann. Hámarksbætur fyrir úr og skartgripi eru 1% af vátryggingarfjárhæð innbús í hverju tjóni.
- 5. gr. Vátryggingin bætir ekki**  
5.1 Peninga, farmiða, ferðatékka, ávísanir, skuldabréf né önnur verðbréf, handrit og frímerki.  
5.2 Brothætta hluti, hljómlutningstæki, sjónvörp, DVD-spilara og annan afspilunarþúnað, spjaldtölvur, upptökuvélar, myndavélar, gleraugu, rafeindabúnað og annan sambærilegan búnað, innri skemmdir, svo sem vélrænar bilanir, skammhlaup og aðrar skemmdir á rafkerfum, nema tjónið orsakist af bruna, þjófnaði eða af því að flutningstæki hlekkist á eða að árekstur verði milli farartækja og tjón fáist ekki að lögum bætt úr ábyrgðartryggingum þeirra.  
5.3 Skemmdir er hljótast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir, sem ekki rýra notagildi hins vátryggða hlutar.  
5.4 Skemmdir á farangri vegna vökv, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.  
5.5 Tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.  
5.6 Tjón er leiðir af eignaupptöku eða kyrrsetningu muna af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.  
5.7 Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.  
5.8 Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.  
5.9 Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða.  
5.10 Tjón á hlutum sem einhver hinna vátryggðu týrir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafærri eða í ólæstum hibýlum, geymslum, bifreiðum og bátum.  
5.11 Tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum ferðatöskum.  
5.12 Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda og/eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.  
5.13 Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem vátryggður hefur, af ásettu ráði eða gáleysi, ekki tilkynnt löggreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.  
5.14 Tjón vegna bruna, nema kvíknað hafi í farartækji eða húsnæði.  
5.15 Tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra. Skilyrði fyrir bótum er að vátryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað.  
5.16 Rispur, beyglur, mar eða núning sem ekki rýra notagildi hins tryggða.

- 5.17 Tafir vegna aðgerða opinberra aðila eða löghalds tolyfirvalda.
- 5.18 Tjón á munum sem rifna eða skemmast í notkun, svo sem klæðnað.
- 5.19 Skemmdir á ferðatökum.
- 5.20 Þjófnað úr læstum híbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum ef á vettvangi eru ekki greinileg ótvírað merki þess að brotist hafi verið inn.
- 5.21 Tölvugögn eða hugbúnað.
- 6. gr. Vátryggingarfjárhæð**
- 6.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 6.2 Sé verðmæti farangursins meira en vátryggingarfjárhæðin greiðast bætur hlutfallslega.
- 6.3 Vátryggingarfjárhæð skiptist að tiltölu á hina vátryggðu á ferðalögum erlendis, þó með þeiri takmörkun að hámark bótafjárhæðar fyrir hvern hinna vátryggðu nemur 7,5% af vátryggingarfjárhæð innbús en samanlöög vátryggingarfjárhæð getur þó aldrei orðið hærri en vátryggingarfjárhæð sú sem fram kemur á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 7. gr. Eigin áhætta**
- Í hverju tjóni ber vátryggður í eigin áhættu 25%. Lágmarksfjárhæð eigin áhættu í hverju tjóni kemur fram á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 8. gr. Ráðstafanir vegna tjóns**
- 8.1 Verði tjón sem vátrygging þessi tekur til, skal vátryggður gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Tilkynna skal lögreglu þegar í stað um þjófnað, rán eða innbrot, með ósk um rannsókn. Verði þjófnaður erlendis, skal skýrla lögreglu á staðnum fylgja tjónstilkynningu til félagsins. Tjón skal ávallt tilkynna fararstjóra ef hans nýtur við.
- 8.2 Skemmist farangur eða týnist í flugi eða á meðan farangur er í vörlu flugfélags, er tjónþola skylt að tilkynna skemmdirnar/tapið strax við lendingu eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gert eyðublað (P.I.R. skýrslu). Tjónþoli skal framvísa afriti skýrslunnar til félagsins þegar tjón er tilkynnt.
- 8.3 Tilkynningu um tjón skal senda félaginu án ástæðulausrar tafar. Félaginu er heimilt að krefjast nákvæmrar sundurliðunar og verðlagningar á hinum vátryggðu munum.
- 8.4 Félaginu er heimilt að krefjast framvísunar á skemmdum munum.
- 9. gr. Varúðarreglur**
- 9.1 **Vátryggður skal gæta farangurs síns vel og gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við verður komið, til að koma í veg fyrir tjón.**
- 9.2 **Læsa ber tryggilega híbýlum, bílum og öðrum þeim stöðum þar sem verðmæti eru geymd þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum og krækja aftur, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.**
- 9.3 **EKKI SKAL SKILJA VIÐ HINA VÁTRYGGÐU MUNI EFTIRLITSLAUSA Á ALMANNAFÆRI T.D. AFGREIÐSLUM, BAÐSTÖÐUM, TJALDSTÆÐUM, ALMENNUM SNYRTIHERBERGJUM, HJÁ FLUTNINGSAÐILA O.S.FR. EINNIG SKAL GÆTA SKAL ÞESS AÐ TAKA HINA VÁTRYGGÐU MUNI MEÐ ÞEGAR STAÐUR ER YFIRGEFINN.**
- 8. kafli Farangurstafatrygging (Valkvæð)**
- 1. gr. Vátryggðir**
- 1.1 Vátryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í upphafi skilmálans.
- 1.2 Einnig eru börn vátryggingartaka og/eða börn maka hans sem eru yngri en 16 ára vátryggð þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en vátryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá vátryggingartaka og/eða maka hans.
- 2. gr. Vátryggingin gildir**
- 2.1 Vátryggingin gildir vegna tafar á afhendingu farangurs í áætlunar- eða leiguflugi í ferð sem varir allt að 92 samfelda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.
- 2.2 Vátryggingin gildir ekki fyrir einstaklinga sem stunda nám eða vinnu erlendis, ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Gildir tryggingin þá aðeins á ferðalagi til og frá Íslandi.
- 3. gr. Vátryggingarsvið**
- 3.1 Félagið greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern vátryggðan 16 ára og eldri ef þeir fá ekki innritaðan farangur sinn afhentan innan 8 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu.
- 3.2 Bætur greiðast til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanns.
- 3.3 Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar vátryggður er á heimleið.
- 3.4 Bætur samkvæmt þessu ákvæði eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.
- 4. gr. Varúðarregla**
- Vátryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug sé ekki brengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.**
- 5. gr. Vátryggingarfjárhæð**
- Hámarksbætur fyrir hvern vátryggðan í hverjum vátryggingaratburði koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## **6. gr. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns**

Týnist farangur í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónbola skylt að tilkynna tapið strax við lendingu til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónbola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flugfélagini þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

## **9. kafli Réttaraðstoðartrygging**

Hlutverk réttaraðstoðartryggingarverndar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Það er skilyrði vátryggingarverndar að óskað sé aðstoðar lögmanns. Lögmaðurinn skal tilkynna félagini þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu, sem ekki þolir bið. Félagini ber skylda til, á grunni fyrirliggjandi upplýsinga, að tilkynna hvort málið sem slíkt sé bótaskyld eða ekki.

### **1. gr. Vátryggðir**

Vátryggingin gildir fyrir vátryggðan sem einstakling.

### **2. gr. Gildissvið réttaraðstoðar**

- 2.1 Vátryggingin tekur til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerði skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sé um að ræða ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmæðferð á öðrum vettvangi, tekur vátryggingin einungis til kostnaðar, sem til er stofnað að lokinni sílríki meðferð. Vátryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó aðeins að endurupptaka sé heimiluð. Vátryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að sækja um gjafssókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.
- 2.2 Vátryggingin tekur ekki til sakamála og ekki heldur til ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalda eða sérdómstóla.

### **3. gr. Vátryggingin tekur ekki til ágreinings, máls eða málsmbeiðnir:**

- 3.1 Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama á við um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.
- 3.2 Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, þar með talin mál vegna vinnuslysa.
- 3.3 Sem varðar ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í.
- 3.4 Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- 3.5 Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum vátryggða.
- 3.6 Sem varðar vátryggðan sem eiganda.
- 3.7 Sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnda vélknúins farartækis, hjólhysis eða annars tengivagns, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu. Einnig önnur mál sem varða vátryggðan sem tjónbola í tengslum við skráningarskyld ökutæki.
- 3.8 Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.
- 3.9 Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn vátryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem vátryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.
- 3.10 Sem varða málarekstur gegn félagini sjálfu.
- 3.11 Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóum í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi, ef umsókn um gjafssókn hefur af þeiri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafssóknar verið afturkólluð.

### **4.gr. Val á málflyjtjanda**

- 4.1 Það er skilyrði bótaskyldu að vátryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Vátryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands.
- 4.2 Lögmaður getur ekki án samþykkis félagsins farið sjálfur með eigið mál.
- 4.3 Félagið getur farið þess á leit við úrskurðarnefnd lögmannna sbr. 26. gr. laga nr. 77/1998 að hún fjalli um sanngirni lögmannsbóknunar og kostnaðar.

### **5. gr. Vátryggingarsvið réttaraðstoðarinna – greiðsla bóta**

- 5.1 Félagið greiðir vegna hvers tjóns, nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Þetta þýðir m.a. að ekki eru greiddar bætur ef vátryggður gefur frá sér möguleika að heimta bætur frá mótaðila með eða án málsóknar.
- 5.2 Félagið greiðir:
- 5.2.1 Þóknun lögmanns og kostnað. Félagið getur gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta að vátryggður leggi ágreining um réttmæti málflutningsþóknunar fyrir úrskurðaneftnd Lögmannafélags Íslands samkvæmt 26. gr. laga um lögmann nr. 77/1998. Í slíkum tilvikum greiðir félagið málsgjaldið.
- 5.2.2 Kostnað við að afla álítsgerða, ef lögmaður vátryggða biður um álítsgerðina áður en til dómsmáls kemur, eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álítsgerðar.
- 5.2.3 Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómsstólum eða gerðardómum.
- 5.2.4 Réttargjöld.
- 5.2.5 Málskostnað sem vátryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómsstóli eða gerðardómi við lok máls.

5.2.6 Málskostnað sem vátryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

5.3 Bætur eru ekki greiddar til hinna vátryggðu fyrir:

5.3.1 Eigin vinnu, tekjuskerðingu, ferða- og dvalarkostnað og annan kostnað.

5.3.2 Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.

5.3.3 Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmenn eða skipt er um lögmann.

5.3.4 Greiðslur til gerðarmanna.

5.3.5 Aukakostnað sem stafar af því að vátryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.

#### **6. gr. Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta sem gilda fyrir réttaraðstoðina**

6.1 Vátryggingarfjárhæð er tiltekin á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í ágreiningsmálum er varða fjárhagslega hagsmuni geta bætur þó aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur lýtur að. Eigin áhætta vátryggingartaka er 20% í hverju tjóni en þó að lágmarki fjárhæð sem tiltekin er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

6.2 Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir vátryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef vátryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjón, svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.

#### **7. gr. Hvenær hægt er að óska eftir réttaraðstoð**

7.1 Hægt er að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Vátryggingin þarf ekki að hafa verið hjá félagini allan tímann, ef vátryggður hefur haft samskonar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða.

7.2 Ef vátryggður hefur vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp, en ekki haft hana í tvö ár, getur hann samt sem áður fengið réttaraðstoð ef að þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni hafi gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi.

7.3 Ef vátryggður hefur ekki lengur neina réttaraðstoðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp getur vátryggður þrátt fyrir það fengið réttaraðstoð frá vátryggingu þessari, ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

#### **8. gr. Hvar vátryggingin gildir**

Vátryggingin gildir á Íslandi. Vátryggður getur einnig notið réttaraðstoðar ef þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerast á Norðurlöndum eða utan þeirra þegar vátryggður er á ferðalagi og ágreiningurinn varðar hann sem ferðamann.

#### **9. gr. Endurkrafa**

Að svo miklu leyti sem bætur vegna vátryggingarinnar hafa verið greiddar, eignast félagið rétt hins vátryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

## **10. kafli. Innbúskaskó (valkvæð)**

#### **Inngangur**

Innbúskaskó er valkvæð trygging sem unnt er að kaupa til viðbótar við þá vernd sem veitt er í innbústryggingu Heimilisverndar og er hún innifalin sé þess getið í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vátryggingin bætir tjón, samkvæmt nánari ákvæðum skilmálans, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt innbústryggingarkafla eða farangurstryggingarkafla Heimilisverndar, en nær ekki til tjóna sem eru bótaskyld samkvæmt þeim köflum, jafnvel þó að fullar bætur fáist ekki greiddar vegna viðkomandi tjóns.

#### **1. gr. Vátryggt**

Vátryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi sbr. gr. 2.1 í 1. kafla þessa skilmála um innbústryggingu. Tryggingin tekur einnig til innbús skv. grein 2.2 1. og 2.2.3 í 1. kafla en ekki til muna sem tilgreindir eru í grein 2.3.

#### **2. gr. Vátryggðir**

Vátryggðir eru vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

#### **3. gr. Landfræðilegt gildissvið vátryggingar**

3.1 Vátryggingin gildir á Íslandi.

3.2 Vátryggingin gildir á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur, en einungis ef vátryggður er jafnframt með farangurstryggingu hjá félagini sem hluta af vátryggingu þessari.

#### **4. gr. Vátryggingin bætir**

Vátryggingin bætir tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt ákvæðum 1. kafla þessa skilmála um innbústryggingu eða ákvæðum 7. kafla um farangurstryggingu erlendis.

#### **5. gr. Vátryggingin bætir ekki**

5.1 Tjón vegna þjófnaðar.

5.2 Tjón sem orsakast af snöggum hita-og/eða rakabreytingum.

- 5.3 Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, ónógs viðhalds svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða.
- 5.4 Tjón sem rekja má til gæludýra.
- 5.5 Tjón sem rekja má til galla, rangrar samsetningar og innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- 5.6 Tjón vegna tapaðra eða skemmdra gagna og/eða hugbúnaðar.
- 5.7 Tjón á peningum, verðbréfum, handritum, frumteikningum, mynt- og frímerkjasöfnum.
- 5.8 Tjón sem rekja má til hvers konar skordýra.
- 6. gr. Varúðarreglur**
- 6.1 **Læsa ber tryggilega heimilinu, bílum og öðrum þeim stöðum þar sem verðmæti eru geymd** þegar þessir staðir eru mannlusir eða heimilisfólk í svefn. Ennfremur ber að loka gluggum og krækja aftur, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- 6.2 **Ekki skal skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta skal þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn**
- 6.3 **Fara skal að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins vátryggða.**
- 7. gr. Eigin áhætta- hámarksbætur**  
Eigin áhætta og hámarksbætur vegna innbúskaskó eru tiltekin á vátryggingarskírteini
- 8. gr. Önnur ákvæði**  
Um vátryggingu þessa gilda að öðru leyti skilmálar innbústryggingar eftir því sem við á.

## 11. kafli. Sameiginlegir skilmálar

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar vátryggingar eftir því sem við á.

**1. gr. Varúðarreglur**

Vátryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

**2. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum**

Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.

**3. gr. Samsönum**

Félagini er heimilt að bera fyrir sig að maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka/vátryggðs hafi brotið gegn ákvæðum vátryggingarinna skv. reglu b-liðar, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

**Skilmálar þessir gilda frá 1.8.2019**